

UMHVERFISSTEFNA BJARTRAR FRAMTÍÐAR



BJÖRT FRAMTÍÐ

NÝTUM NÁTTÚRUAUÐLINDIR Á SJÁLFBÆRAN HÁTT OG GÖNGUM EKKI Á GÆÐI ÞEIRRA!

UMFRAM ALLT ÞURFUM VIÐ AÐ HAFA Í HUGA AÐ VERNDA LOFTIÐ, VATNIÐ OG VISTKERFI
JARÐAR

LOFT

Andrúmsloft er grunnur alls lífs og mikilvægt að vernda loftgæði með öllum tiltækum ráðum!
Við getum dregið úr þeirri loftmengun sem er af mannavöldum.

- Ómengað loft skiptir öllu máli –

VATN

Án vatns væri ólíft á jörð – nægt framboð af ómenguðu vatni eru grundvallar mannréttindi!
Grunnvatn, yfirborðsvatn, fallvötn, stöðuvötn, ísölt vötn og sjór – það er af mörgu að taka.

- Hreint vatn er ómetanlegt –

VISTKERFIN

Moldin, gróður og annað lífríki er okkur nauðsyn – fæðugjafar og hreinsarar vatns og lofts!
Vistkerfi hafsins eru ekki síður mikilvæg – matarkista og stærsta kolefnisgeymsla jarðarinnar.

- Fjölbreytt og virk vistkerfi eru undirstaða velferðar –

FÓLK

Við berum ábyrgð á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og á okkar neysluvenjum - hagnýtum!
Hvort sem það snertir heiminn eða okkar eigin heim – við getum breytt því sem við viljum.

BJÖRT FRAMTÍÐ ER GRÆN FRAMTÍÐ!

Auðlindir jarðarinnar eru ekki ótæmandi og getum ekki haldið áfram að haga okkur eins og við höfum gert. Vistkerfi jarðar eru víða í ójafnvægi eða röskuð, lífbreytileiki hefur rýrnað, loftgæði minnkað, vatn er víða af skornum skammti, moldin eyðist hratt og hafið súrnar æ meir. Loftslagsbreytingar eru líka staðreynd sem við verðum að bregðast við á ábyrgan hátt.

Björt framtíð setur sér því eftirfarandi markmið til grænnar framtíðar:

- Umhverfis- og náttúruvernd verður grunnstef í allri stefnumótun stjórnvalda; hvort sem það er á sviði auðlindanýtingar, menntunar, lýðheilsu eða velferðar.
- Vernd hafsins og fiskistofna okkar verður lykilatriði fyrir samfélagið sem við byggjum.
- Landnýting í dreifbýli og þéttbýli miðast útfrá að viðhalda heilbrigðum vistkerfum.
- Ákvarðanataka um nýtingu náttúruauðlinda byggir alltaf á fræðilegri þekkingu um ástand auðlindanna og forsendum náttúruverndar.

- Ísland verður sjálfu sér nægt á sviði orkuframleiðslu og notar aðeins græna orku.
- Ísland hefji aldrei vinnslu jarðefnaeldsneytis.
- Raforka Íslands sé framleidd á fjölbreyttan og umhverfisvænan hátt.
- Raforkusala um sæstreng verði könnuð til hlítar sem raunhæfur valkostur.

- Skilningur og þekking Íslendinga á mikilvægi heilbrigðra vistkerfa verður aukinn í gegnum aukna vatnsvernd og jarðvegsvernd sem stuðlar að bættum loftgæðum.
- Við öll sýnum aukna ábyrgð í umhverfismálum og drögum úr auðlindasóun.
- Sterk umhverfisvitund og vistlæsi verður almenn þekking innan íslensks samfélags.

- Efla náttúruvernd og byggja upp sterkt innviðakerfi þjóðgarða og friðlýstra svæða.
- Efla náttúruvernd og byggja upp, stækka og sameinasterkt innviðakerfi þjóðgarða og friðlýstra svæða.

- Hvetja til uppbyggingu sjálfbærrar matvælaframleiðslu innan þjóðgarða.
- Efla innlenda matvælaframleiðslu með því að styrkja sjálfbæran landbúnað.
- Hlífa illa förnun landi við búfjárbætur og byggja upp heildstætt beitarskipulag á landsvísu.
- Endurheimta röskuð vistkerfi í gegnum til að mynda vistheimt og skóggræðslu.

Við ætlum að:

- Finna leiðir til að fullnýta afurðirnar sem falla til við vinnslu matvæla á sjó og landi.
- Draga fram að það sem við í daglegu tali köllum úrgang er í raun dýrmæt auðlind.
- Bæta flokkun á heimilisúrgangi og koma á samræmdu flokkunarkerfi á landsvísu.
- Efla lýðheilsu og hvetja fólk til orkusparandi ferðamáta og vistvænna innkaupa.
- Beita sjálfbærum nálgunum til að bæta og nýta betur umhverfi borga og bæja.
- Auka umhverfismennt í skólum. Auka fræðslu á allan mögulegan hátt.
- Hvetja einstaklinga og fyrirtæki til að nota/framleiða græna orku.
- Vera með fyrirbyggjandi aðgerðir gegn umhverfisspjöllum.
- Nota skatta og gjöld til að stýra auðlindanýtingu.
- Nýta hugvit til að byggja upp sjálfbært samfélag.